



Faghópur II

Fundargerð 11. fundar

Iðnaðarráðuneytinu 25. júní 2009, kl. 8:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Sveinn Runólfsson, Rögnvaldur Ólafsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Ólafur Örn Haraldsson.

Fundarfrásögn:

- Fundargerð síðasta fundar** var samþykkt með smávægilegum breytingum.
- Aðferðafræði vegna mats á áhrifum á útivist og ferðaþjónustu.** Farmhaldsumræða frá síðasta fundi. M.a. var skipst á skoðunum um fjölda undir-viðfanga og og væri spurninga og yfir-viðfanga.
- Formannafundur faghópa.** Anna gerði grein fyrir fundi formanna sem haldinn var 22. júní
 - Samþykkt var að senda harðort bréf til orkufyrirtækja vegna seinangangs við afhendingu gagna.
 - Þess verður freistað að fækka matssvæðum. Byrjað skal á verðmætamati og kanna hvort einhver svæði skora það hátt að óþarft verði að leggja verulega vinnu í mat.
 - Senda skal svæðaskiptingu faghóps 1 til hóps 2 en ekki víst er víst að sú skipting henti faghópi 2.
 - Samþykkt var að faghópur 2 skili af sér einum lista yfir forgangsröð virkjunarkosta.
 - Ákveðið að Rögnvaldur og Anna Dóra leiti álit Sveinbjörns Björnssonar, formanni verkefnisstjórar 1. Áfanga, og Einars Torfa Finnssonar hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum á aðferðafræðinni.
 - Grundvöllur aðferðafræði Rögnvalds og Önnu Dóru var samþykkt. samþykkt frá hópnum.
 - Starfsmanni var falið að setja inn formúlur í excel-skjal er hefur að geyma aðferðafærðina.
- Aðferðafræði vegna hlunninda og landbúnaður.** Jóhannes í samráði við Svein, setur upp aðferðafræði fyrir hlunnindi og landbúnað.
- Vettvangsferðir.** Anna kynnti drög að á 3ja daga vettvangsferð um Suður-hálendið og Suðurland í ágúst-lok. Fram kom ósk um að fyrir ferðina yrði haldin kynning á virkjunarkostum svæðisins enda væri mikilvægt að vanda vel til undirbúnings. Jafnframt var afráðið að stefna á dagsferð þann 19. ágúst þar sem aðferðafræðin yrði prófuð á jarðvarmakosti á Hellisheiði (Bitra/kanna samvinnu við Eldhesta) og á vatnaflskost á efra svæði Hvítár (Hagavatn/Farið).
- Gagnaöflun um ferðaþjónustu.** Kalla eftir samvinnu við Ferðamálastofu um að fá upplýsingar frá Rögnvaldi Guðmundssyni um fjölda ferðamanna á einstökum áfangastöðum og landshlutum. Þeirri spurningu var velt upp hvort slíkar upplýsingar muni styrkja matið.

Starfsmanni var falið að senda út lista yfir heimildir um ferðaþjónustu sem tekinn var saman í vor. Senda út lista yfir heimildir um ferðaþjón sem TPT tók saman í vor..

6. **Næsti fundur** verður haldinn þann 18. ágúst, daginn fyrir dagsferðina. Stefnt er að fundum alla fimmtudaga í september.